

RAFORKUMÁLASTJÓRI

VATNAMÆLINGAR

MÁ EKKI FJARLÆGJA

Skitagrein 211

MÁLASAFN

## VIRKJUN HVÍTÁR VIÐ HESTVATN

# 2 VATNAFRÆÐI

eftir

Sigurjón Rist

Reykjavík, janúar 1961

**RAFORKUMÁLASTJÓRI**

**VATNAMÆLINGAR**

**Skilagrein 211**

**VIRKJUN HVÍTÁR VIÐ HESTVATN**

**2 VATNAFRÆÐI**

**eftir**

**Sigurjón Rist**

**Reykjavík, janúar 1961**

## E F N I S S K R Á

|                                       | Bls.        |
|---------------------------------------|-------------|
| <b>2.1 VATNASVIÐ</b>                  | <b>2-1</b>  |
| 2.11 Jöklar og jökulvötn              | 2-1         |
| 2.12 Bergvötn - lindár og dragár      | 2-2         |
| 2.13 Stöðuvötn                        | 2-2         |
| <b>2.2 RENNSLI</b>                    | <b>2-3</b>  |
| 2.21 Flóð                             | 2-3         |
| 2.22 Lágreinsnli                      | 2-5         |
| 2.221 Purrðir                         | 2-6         |
| <b>2.3 ÍSALÖG</b>                     | <b>2-7</b>  |
| 2.31 Ísaspá                           | 2-9         |
| <b>2.4 AURBURÐUR</b>                  | <b>2-12</b> |
| <b>2.5 GRUNNVATN</b>                  | <b>2-13</b> |
| 2.51 Áveitu- og þurrkskurðir          | 2-14        |
| <b>2.6 VATNSSTREYMI ( HYDRAULIC )</b> | <b>2-14</b> |
| 2.61 Farvegur hjá Árhrauni            | 2-16        |
| <b>2.7 NIÐURSTÖÐUR</b>                | <b>2-17</b> |

## MYNDIR

VIÐBÆTIR 20. febrúar 1961

|                                  |             |
|----------------------------------|-------------|
| <b>2.8. AURBURÐAR- OG ÍSASPA</b> | <b>2-20</b> |
|----------------------------------|-------------|

## 2.1 VATNASVIÐ

Vatnasvið Hvítár hjá Árhrauni er  $4360 \text{ km}^2$ . Yfirlitsmynd 2-1 sýnir legu vatnasviðsins og samanburð þess við landið allt. Á henni má einnig sjá stytztu vegalengd til sjávar frá hverjum stað.

Hypsografíská línuritið - Vatnasvið Hvítár við Árhraun - mynd 2-2, sýnir hæð þess yfir sjó. Það nær frá 48 m hæðarlínunni og upp í hjarnbungu Hofsjökuls í 1765 m hæð. Veðurlag, og þar með vatnagangur, er æði ólíkur á hinum ýmsu stöðum vatnasviðsins, og ræður þar um bæði vegalengd frá sjó og hæð yfir sjávarmál. Engin veðurathugunarstöð er inni á vatnasviðinu, en Hæll er hin næsta; sjá yfirlitskortið. Hæll er 140 m y.s. Meðalárshiti þar er  $3,7^\circ$ . Kaldasti mánuðurinn er janúar með  $-1,8^\circ$ . Mánuðirnir desember, janúar, febrúar og marz hafa neikvæðan meðalhita. Hlýjasti mánuðurinn er júlí, og er meðalhitinn þá  $11,4^\circ$ . Þetta eru meðaltöl áranna 1901-1930. Ef loft er rakt, lækkar hitastigið um nálega  $1/2$  gráðu við hverja 100 m hækkun, en um heila gráðu, þegar loft er þurr. Það eru því næsta fáir heilir sólarhringar svo jafnkaldir, að frost sé um allt svæðið, og þeir dagar munu vera enn færri, þegar hiti er jákvæður um allt svæðið allan sólarhringinn. Reynslan er líka sú, að frost og snjósöfnun eru iðulega hið efra, þótt vöxtur sé í vatni í lágsveitum.

## 2.11 Jöklar og jökulvötn

Hvítá fær vatn frá jöklunum Langjökli og Hofsjökli. Nálega  $690 \text{ km}^2$ , eða 16% af vatnasviðinu við Árhraun, eru huldir jöklar. Rennsli frá jöklinum er harla lítið á vetrum; þar ríkir nær stöðugt frost allan veturinn. Í venjulegu árferði færast jökulvötnin í aukana í júní og ná hámarki í júlí-ágúst. Hvítá flytur því fram nokkurt jökulvatn síðla sumars og reyndar allt árið, því að í Hvítárvatni miðlast það milli árstíða. Auk þess sem Hvítárvatn miðlar jökulvatni sumarsins til vetrarins, gengur jökkull niður í vatnið, og hann ryður vatni frá sér og kemur á þann hátt vetrarrennslinu til góða, þótt bráðnun bíði betri tíma. Síðla sumars er æði mikill jökkullitur á vatni Hvítár, en á öðrum tímum árs er hún aðeins skolug eða mjólkurlituð af jökgormi, svo útbrynt er jökulvatnið. Hvítá flytur töluverðan jökulleir, en hann er þó aðeins óverulegur hluti af aurburði árinnar; stærsti hlutinn er

foksandur og þá jarðvegur, sem skolast burtu í flóðum. Verður vikið nánar að þessu í kaflanum um aurburð.

## 2.12 Bergvötn - lindár og dragár

Úr vestri fær Hvítá lindavatn. Brúará er næstum hrein lindá, þaðan á Hvítá löngum vísa 50-60 kl/s. Tungufljót er í senn lindá og jökulvatn. Það færir Hvítá 35-40 kl/s af lindavatni. Þetta eru tveir tryggustu aðrennslisstofnar Hvítár við Árhraun, þegar aðrar ár hafa minnkæð mjög í langvinnum þurrkum eða vatn þeirra bundizt í ís. Þegar snögglega frystir, harðnar vart svo um, að hún fái ekki þessa 90 kl/s út í farveg sinn, nema þá er bakvatnsverkanir frá ísfyllum í Hvítá sjálfri halda lindánum inni um stundarsakir.

Rennsli úr Hvítárvatni fer ekki að ráði niður fyrir 25 kl/s, nema í þeim einstöku tilfellum, þegar frýs fyrir útrennsli.

Veldur því :

- 1) Sjálfgerð miðlun þess
- 2) Lindavatn fellur til þess í talsverðum mæli norðan af Kili
- 3) Jökull skríður niður í það

Rennslið úr Hvítárvatni er því þriðji traustasti stofn Hvítár. Gæti hann jafnvel talizt í öðru sæti, sökum þess, að rennslið er þar langtínum saman nálagt því, sem er í Brúará. Þegar þeim hluta vatnsviðs Tungufljóts, sem er hulið jökli, er sleppt, er vatnsvið þessara þriggja traustu stofna um  $2000 \text{ km}^2$ , en það er 46% af vatnsviðinu við Árhraun. Um 50% af jökulhuldu svæði Hvítár liggur utan við Hvítárvatnssvæðið, eða um 8% af vatnsviðinu við Árhraun, svo að þá eru ótalín önnur 46% vatnsviðsins við Árhraun, og falla dragár af því svæði. Stærstu dragárnar eru Stóra-Laxá, Sandá og svo Jökulfall, sem er í senn dragá og jökulvatn. Stórfloð koma í dragárnar í ofsarigningum og í miklum vetrarhlákum, en þær verða kornlitlar í langvinnum þurrkum og frostum.

## 2.13 Stöðuvötn

Aðalstöðuvatnið er Hvítárvatn, sem er 6. stærsta stöðuvatn landsins,  $28 \text{ km}^2$  og 85 m djúpt, með 800 Gl rými. Þá Apavatn  $14 \text{ km}^2$ , Hestvatn  $6 \text{ km}^2$ , sjá mynd 2-40, Hagavatn  $4 \text{ km}^2$ , Sandvatn  $3 \text{ km}^2$ , Laugarvatn  $2 \text{ km}^2$  og örfá minni vötn, alls um  $57 \text{ km}^2$ , eða 1,3% af vatnsviðinu.

## 2.2 RENNSLI

Rennsli Hvítár hjá Árhrauni s.l. 10 ár, 50/51-59/60, sem mælingar ná yfir, hefur reynzt þetta :

|  |          |
|--|----------|
| Meðalrennsli ( MQ )                    | 270 kl/s |
| Meðalvatnsmagn á ári ( M $\Sigma aQ$ ) | 8492 Gl  |
| Meðalafrennsli ( Mq )                  | 62 l/s   |

Hér á eftir fylgir tafla, sem sýnir rennsli hvers einstaks mánaðar á þessu tímabili og meðalrennsli mánaða, bæði í kl/s og Gl/mán.

Myndir 2-4 og 2-5. Þá er tafla yfir einkennandi rennslistölur Hvítár við Árhraun, mynd 2-3. Við þá töflu er að athuga, að hún nær aðeins yfir 8 fyrstu árin 50/51 - 57/58 og sama gildir um langæis- og vatnsmagnslínuna, mynd 2-6. Langæislína og vatnsmagnslína Hvítár sýna rennslisháttu, og vikumeðaltölin, myndir 2-6 og 2-7, sýna, hvernig dreifing rennslisins er innan hvers árs. Þegar þau eru athuguð, kemur í ljós, að vart er unnt að telja neinn tíma ársins öðrum fremur einkennandi fyrir lágt rennsli, né annan fyrir hátt. Miðgildi á mynd 2-4 sýna þó sept. og des. með lægsta rennslið, en maí með hið hæsta.

## 2.21 Flóð

Rennsli dragáa og jökuláa sveiflast innan víðra marka og flóð eru algeng í þeim. Undir sérstökum skilyrðum koma einnig flóð í lindárnar. Hvítá býr yfir fimm tegundum flóða.

1. Vorflóð, sem orsakast af snjóleysingum inni á hálandinu. Þau koma í maí eða júní og standa nokkra daga. Þau mega teljast árviss.
2. Vetrarflóð, sem orsakast af því, að rakur og hlýr loftstraumur fer yfir vatnsviði og flytur þangað mikil regnvatn og veldur örri snjóbráðunum. Ris margra vetrarflóða er ámóta og vorflóðanna, en vetrarflóðin rísa og falla hraðar en vorflóðin. Einstaka vetrarflóð skaga þó miklu hærra upp og eru hin stærstu flóð, sem koma í Hvítá. Flóð koma í lindárnar, þegar eftifarandi atburðir gerast í þessari röð : 1) jarðvegurinn frýs og verður vatnspéttur, 2) síðan snjóar og 3) loks leysir snögglega með miklu og áköfu vatnsveðri. Þá getur mikil yfirborðsrennsli orðið af hrauna- og sandaflákum, þar sem allt vatn sígur endranær niður.

Vetrarflóðin brjóta upp ísa á ánum og flytja mikið magn af jökum niður eftir, sem geta verið hættulegir fyrir mannvirki við árnar. Aftur á móti er lítið um jakaburð í vorflóðunum, því að þá er ís venjulega að mestu horfinn af ánum.

3. Rigningaflóð. Þau verða vart eins stór og þær tvær tegundir flóða, sem nefndar hafa verið hér að framan, en áin er enn lengur að fjara. Flóð af þessari tegund geta komið á hvaða tíma árs sem er.
4. Prepahlaup. Ísstífla brestur, þegar ána er að leggja. Slík flóð eru bundin við vissa hluta farvegarins. Þau eru algeng á Gullfoss-svæðinu. Þegar ísstífla brestur og síðan hver af annarri í gljúfrum, nær flóðbylgjan tölverðri hæð, 2-3 metrum, og rennslið skýzt upp í 1000 kl/s, en það varir aðeins nokkrar mínútur, svo að ekki er um verulegt magn af vatni að ræða. Prepahlaupin jafnast út niðri á sléttlendinu, þar sem halli farvegsins er minni en 2 m á km. Flóðbylgjurnar eru útdauðar við Árhraun.
5. Jökulhlaup. Jökulhlaup nefnist það, er mikið vatn brýzt snögglega undan jöкли. Það getur stafað af tveim orsökum.
  - I. Jökull skríður niður megin dal og lokar fyrir munn á þverdal. Hann hindrar allt rennsli þaðan og myndar stöðuvatn í þverdalnum. Loks, þegar vatnsborðið hefur náð vissri hæð, ryður það sér braut undir jökulinn.
  - II. Vatn safnast saman á jarðeldasvæði undir jöкли og hleypur síðan fram með reglubundnu millibili.

Engar heimildir eru til um flóð í Hvítá, er stafað hafa af eldsumbrotum undir jöкли. Ólíklegt er að slíkt hafi komið fyrir síðan land byggðist, því að heimildir eru til um jökulhlaup frá öðrum ám á landinu allt síðan árið 1201. Aftur á móti er vitað um flóð af fyrrnefndri tegund jökulhlaupa. Hinn 16. september 1929 brast jöklutunga við Hagavatn. Um 55 Gl af vatni ruddust þá um Tungufljót og Sandá út í Hvítá á einum degi.

Varðandi stærstu flóð, sem komið hafa á síðari árum í Hvítá, vísast til myndar 2-11. Þessi flóð eru vetrarflóð af tegundinni nr. 2. Mælingar í Hvítá ná of skammt aftur í tímann til þess að unnt sé að reikna út og segja fyrir um 100 ára og 1000 ára flóð með einhverri vissu, en út frá líkum, sögusögnum annála o.s.frv. er 100 ára flóð áætlað 3500 kl/s og 1000 ára flóð 4500 kl/s.

Hjá Árhrauni þrengir mjög að ánni, svo að vatnsborðið stígur þar verulega í stórum flóðum. Myndast þá uppistaða í farveginum undan Skeiðum, og vatn rennur um Slauku inn í Hestvatn. Verður þá eitt samfellt stöðuvatn allt frá Ólafsvallabæ vestur í Hestvatn. Nánar er komið inn á þetta atriði í kaflanum 2.6 - vatnsstreymi. Þegar vatnsfyllan hjá Ólafsvöllum nær 52,1 metra hæð yfir sjó, tekur vatn að flæða suður hjá Ólafsvöllum og niður Áshildarmýri. Í stærstu flóðum fellur þar fram mikið vatn. Undan Kílhrauni fer nokkur hluti þess aftur til Hvítár, en hinn hlutinn flæðir niður Merkurlaut. Flóaáveituskurðurinn hjá Brúnastöðum fyllist fljótt, og vatn fossar yfir þjóðveginn hjá Skeggjastöðum.

Athuganir á flóðmörkum sýna, að hæð 30-ára flóða er þessi :

Vatnsfyllan : Hestvatn-Útverk-Ólafsvellir  
- Vorsabær-Fjall er 53,0 m y.s.  
Árhraun (bær) 52,5 - 52,7 m y.s.  
Kiðjaberg (Hlaupandi) 36,0 - 36,5 m y.s.

Geri ráð fyrir, að 1000 ára flóð nái nál. 1/2 metra hærri vatnsstöðu.

## 2.22 Lágrennsli

Þegar styttir upp eftir vætutíð, minnka dragárnar snögglega. Setur þá verulega niður í Hvítá. Haldist þurrkatíð áfram, lækkar vatnsborð Hvítár hægt og hægt. Verulegu máli skiptir þó, hvort það er að vetri eða sumri. Haldist stöðugir þurrkar að sumarlagi, lækkar vatnsborð Hvítár mun hægar en á vetrum, veldur þar mestu leysing á jöklunum. Það, sem er raunverulega að gerast, er þetta : Dragár, sem eiga upptök í lítilli hæð, verða mjög litlar, og þótt þær þorni nær alveg, hefur það hlutfallslega lítil áhrif á heildarrennslið. Dragár, sem koma úr háum fjöllum, hafa nokkurt leysingavatn, sem sígur úr fönnum frameftir sumri. Þær minnka þó hægt og hægt, er líður á sumarið. Samfara sumarþurrkum er oft mikið sólfar á jöklum, og því tölverð leysing. Lindárnar minnka, en mjög hægt. Sökum leysingar í háfjöllum og jöklum verður niðurstöðan sú, að Hvítá verður ekki kornlítill á sumrin, þótt þurrkar gangi.

Haustrigningar eru tíðar á vatnasviði Hvítár, en þær geta einnig brugðið. Gangi svo vetur í garð með stöðugum frostum eftir þurrsumar, eru sköpuð þau skilyrði, sem gera Hvítá litla, - langvinnir þurrkar og frost. Þannig var ástandið vatnsárið 1950/51, sem er

lélegasta vatnsár Hvítár, síðan mælingar hófust þar. Það var einnig lélegasta árið, sem komið hefur í Soginu, síðan samfelldar mælingar hófust 40/41, sjá mynd 2-3.

Víkumeðaltölin, myndir 2-6 og 2-7, sýna greinilega, að vatnsgeymir, sem er nokkrir tugir Gl, mun nýtast vel, þ.e.a.s. nýtast oft á hverju ári, fyrir virkjun úr Hestvatni. Þetta kemur þó reyndar enn betur í ljós, ef athugaðar eru jöfnunarlinurnar á mynd 2-9.

## 2.221 Purrðir

Skarðsáránnáll segir, að hinn 15. nóvember 1549 hafi Hvítá þorrið nær þvert yfir farveginn hjá Árhrauni á Skeiðum. Árið 1702 er getið um purrð hjá Árhrauni, og heimildir eru til um þrjár á 19. öldinni. Það sem af er þeirri 20. er getið um purrðir, 3. mars 1913, 29. febrúar 1924, 11. nóvember 1942, 22. nóvember 1950. Í þessa lest væri eðlilegast að hnýta 13. apríl 1951, því að þá varð án minni en 22. nóvember 1950. Þá var þó ekki talað um neina purrð í Hvítá í þeim dúr er áður hafði verið. Skal nú þetta rakið öllu nánar.

Það þótti allkynlegur atburður, að svo mikið vatnsfall sem Hvítá er hjá Árhrauni, skyldi nær alveg þorna. Sköpuðust því um þetta furðusagnir í þjóðsögustíl. Ormur átti að liggja undir Hestfjalli í miklum undirgöngum, og er hann færði sig til, átti Hvítá að geta fallið um göngin undir Hestfjall og fram í farveginn á ný sunnan fjallsins. Þegar kom fram á 19. old trúðu þessu fáir, og var reynt að skýra purrðirnar með því, að Hvítá hyrfi niður í hraunið um stundarsakir. Þegar purrðin 11. nóvember 1942 var nýafstaðin, safnaði Guðmundur Kjartansson, jarðfræðingur, skýrslum um hana og athugaði vegsummerki við Hvítá, sbr. grein hans í Náttúrufræðingnum 1. hefti 13. árg. Hann komst að þessari niðurstöðu :

"Það, sem tafði framrennsli árinnar fyrir ofan Árhraun, var að nokkru leyti stormurinn, en að miklu meira leyti krapið, hvort tveggja samfara einkar hentugum staðháttum til þess að valda slíkum töfum."

Hve oft slíkar purrðir koma fyrir er erfitt að segja með vissu, en örugglega verða þær oftar en heimildir segja til um. Eftir purrðinni 13. apríl 1951 var ekki tekið og hún hefði farið algjörlega fram hjá, án þess að henni hefði verið veitt athygli, ef sámf.vatnshæðarmælinga hefði ekki notið við. Purrðirnar standa stutt, sumar 5-6 tíma, og

aðrar eru taldar allt upp í einn sólarhring. Að þurrðinni lokinni virðist rennsli Hvítár ætíð vera talið líkt og áður var. Það eru grunnstinguls-og krapastíflur, vatn binzt í farveginum, sem orsaka þurrðirnar, eins og Guðmundur Kjartansson benti réttilega á. Verður vikið nánar að þurrðunum í kaflanum 2.3 - ísalög.

### 2.3 ÍSALÖG

Um leið og hausta tekur, koma krapaför og grunnstingull í árnar, sem hæst liggja. Mikið ísskrið berst út í Hvítá, en meginstofn hennar inni á hálendinu, þ.e. rennslið úr Hvítárvatni, er þó enn íslaus í nokkra daga. En hitinn frá sumrinu endist þar að vísu aðeins skamma stund. Ef veður er stillt og bjart, myndast ísskæni á Hvítárvatni og skeljaís berst niður í Hvítá. Grunnstingull setzt í farveginn. Meðan þetta gerist lokast dragárnar alveg, vatn þeirra kemur síðan í óvirku ísmyndunarástandi út í Hvítá. Farvegur Hvítár er víða breiður, svo að vatnið verður fyrir mikilli kælingu. Niðurstaðan er sú, að höfuðisar vaxa frá löndum, en straumvök helzt venjulegast í ánni, allt frá Hvítárv. brú niður að Brúarhlöðum; þar hrannast áin upp. Á svæðinu frá Brúarhlöðum niður að Brúará er Hvítá oft undir ís á vetrum. Frá Brúará að sléttlendinu neðst í Ölfusi helzt nær alltaf straum- og lindavök i ánni, sjá ísakortið, mynd 2-15. Ísalög árinnar eru þó hvergi nærrí stöðug, enda er kvíklyndi eðli íslenzkrar veðráttu. Hvítárvatn er alla jafnan undir ís meiri hluta vetrar, svo og árnar hið eftir. Ísskrið er á stöðugri leið niður ána, einkum fyrri hluta vetrar. Á sléttlendinu, ofan Tungufljóts, setzt grunnstingull á eyrarnar, höfuðisar vaxa saman og íshellumyndun skríður upp gljúfrin. Samfara íshellumynduninni hefur hrönnin í gljúfrunum stigið 7 m upp fyrir venjulega vatnsstöðu, en 2-3 m niður á sléttlendinu. Binzt því verulegt magn af vatni, þegar ána leggur. Venjulega frjósa árnar fyrir ofan 500 m hæð löngu fyrr en í lágsveitum. Stundum skefur þó í vatnsfarvegið auða allt frá efstu mörkum, og þá geta ár eins og Stóra Laxá, Sandá, Jökulfall og fleiri, alveg horfið í nokkra sólarhringa. Um þann mund sem Hvítárvatn er að frjósa, hindrast rennsli úr því í nokkra daga.

Lindárnar Tungufljót og Brúará frjósa lítið og eru næstum alauðar allan veturinn. Farvegur Tungufljóts frá Hvítá upp að Faxagljúfrum hefur sérstöðu um ísalagnir; þar gætir áhrifa Hvítár. Þegar Hvítá er að leggja úti fyrir Tungufljóti, hækkar vatnsstaða hennar, og leiðir

af því, að Tungufljót stendur uppi og verður líkara stöðuvatni en á. Lagnaðaríð kemur þá á Tungufljót á þessum kafla, en þegar Hvítá hefur náð sér fram á ný, lækkar vatnsstaða Tungufljóts, ísinn leggst niður og lindavatn Tungufljóts tekur að tæra hann að neðan. Þetta gerist einnig við Brúará, en til muna sjaldnar.

A kaflanum Iða-Brúará frýs Hvítá saman á hverjum vetri. Svo kemur lindavatn Brúarár til Hvítár 0,2 til 5 °C, breytilegt eftir verðurfari, en það nægir til að halda lindavök opinni í Hvítá. Kæling vatnsins er mikil á hinum breiðu sandeyrum. Undan Útverkatungu tekur ís að þrengja verulega að ánni, en linda- og straumvök helzt þó alla jafnan í Brúarárvatninu. Vökin er breytileg, lokast stundum alveg, og þá gerist eitt eða fleira eða allt í senn af því, sem nú skal greina :

1. Áin flæðir upp á íshelluna og nær sér fram yfir hana og hækkar hana um leið.
2. Nýr og krókóttur farvegur opnast í gegnum íshrönglið og krapagrautinn. Hann er fyrst í stað of lítill til að flytja allt vatnið. Vatnsstaðan hækkar. Krapið þjappast meir saman og farvegurinn víkkar og sandbotninn grefst.
3. Vatn flæðir um Slauku inn í Hestvatn.

Þótt vatn renni með eðlilegum hætti úr Hestvatni um Slauku út í Hvítá að kvöldi, getur svo farið, að vatnsstaðan verði gjörbreytt að morgni og Hvítá belji þar inn. Þegar vatnsborð Hestvatns hefur hækkað nokkuð, tekur að flæða úr því, úr Bæjarvíkinni hjá Vatnsnesi og niður í Hvítá aftur. Það er ekki einvörðungu Vatnsnesssvæðið, sem verður fyrir ágangi Hvítár, heldur einnig Útverkatungan neðst og lægðin umhverfis Bauluós. Á árunum fyrir 1920 ( 1916? ) flæddi Hvítá eitt sinn í frostum heim í brunnana á Olafsvöllum. Hin mesta vatnsborðshækkan undan Útverkum af völdum ísa er um tveir metrar, sjá mynd 2-15 a.

Venjulegast er ástandið þannig, að straumna- og lindavök sú, sem áður er nefnd, tekur að fjarlægjast vinstri bakkann, þegar komið er niður undir Bauluós, og tekur stefnu á Móklapparnefið í Hestfjalli. En krikinn neðan við Bauluós niður að nesinu við Árhraun er undir þykkri íshellu. Skör vex út frá Árhraunsnesinu. En vök helzt við hægri bakkann. Þar er Brúarárvatnið og dýpið mest.

Það sem sagt hefur verið um ísalög Hvítár, gerir þurrðirnar auð-skildar. Ár eins og Stóra-Laxá, Sandá o.fl. geta horfið, rennslið úr Hvítárvatni hindrazt. Vatnssöfnun á sér stað í farvegi Hvítár, og það

svo, að nær ekkert vatn rennur fram niður hjá Iðu; án stendur þar uppi. Þá er Brúará ein eftir, og þótt hún flytji 50 kl/s, þá er talað um þurrð í Hvítá. Í þessu sambandi er rétt að veita því athygli, að lögun farvegs Hvítár og Ölfusár skiptir verulegu máli, og verður til þess, að eftir "þurrðunum" svonefndu er tekið. Talað er t.d. um þurrð í Ölfusá hjá Selfossi, þegar án kemst öll fyrir í gjánni undir brúnni. Gjain er 8 m djúp og 24 m breið skora. Aðeins lítið eitt þarf að minnka í ánni til þess að breidd árinnar fari úr 150 m niður í 24 m, og þá er sagt að þurrð sé í Hvítá og Ölfusá.

Hér hefur einnig verið bent á, að Hvítá stíflast af ís undan Útverkum og flæðir þá inn í Hestvatn. Þótt rennsli Hvítár hið efra sé eðlilegt og stíflan hjá Útverkum algjör, hækkar vatnsborð fyllunnar Hestvatn-Útverk-Fjall aðeins  $1\frac{1}{4}$  m á sólarhring, en, á meðan er algjör þurrð hjá Árhrauni.

### 2.31 Ísaspá

Með ísaspá er reynt að segja fyrir, hvernig ísalög verði, þegar mannvirki hafa verið byggð og vatnsstreymi breytt. Þess vegna er fyrsta stigið frumáætlun að breytingum vatnsvega, síðan er ísaspáin gerð - góð eða ill. Ef breyting er gerð á áætlun um snið vatnsvega eða rekstur væntanlegrar vatnsafslsvirkjunar, þarf nýja ísaspá.

Tek hér sem dæmi eina virkjunartilhögun.

#### Stífla við Árhraun

Skurður grafinn Hvítá-Hestvatn, flytur 260 kl/s

|                     |           |
|---------------------|-----------|
| Venjuleg hæð Hvítár | 50 m y.s. |
|---------------------|-----------|

|               |        |
|---------------|--------|
| " " Hestvatns | 49,5 " |
|---------------|--------|

|                 |      |
|-----------------|------|
| Botn skurðarins | 45 " |
|-----------------|------|

|                      |         |
|----------------------|---------|
| Straumhraði í skurði | 1,3 m/s |
|----------------------|---------|

|                          |       |
|--------------------------|-------|
| Skurður Hestvatn-rafstöð | 940 m |
|--------------------------|-------|

|                 |             |
|-----------------|-------------|
| Botn skurðarins | 39,5 m y.s. |
|-----------------|-------------|

|                        |        |
|------------------------|--------|
| Breidd í botni skurðar | 13,6 m |
|------------------------|--------|

|                        |           |
|------------------------|-----------|
| Hægt að lækka vatnið í | 48 m y.s. |
|------------------------|-----------|

|                                 |          |
|---------------------------------|----------|
| Við 48 m y.s. flytur skurðurinn | 260 kl/s |
|---------------------------------|----------|

|                |       |
|----------------|-------|
| Straumhraði þá | 2 m/s |
|----------------|-------|

|                       |     |
|-----------------------|-----|
| Fall þá í skurði nál. | 1 m |
|-----------------------|-----|

Ísaspáin er á þessa leið :

HVÍTÁ. Lagnaðarís með einstökum íshrannagörðum kemur á Hvítá fyrir ofan Árhraunsstíflu, allt upp að skurðinum. Sá hluti Hvítár er sem stöðuvatn. Nú skiptir máli, hver vatnshæðin er í Hvítá úti fyrir skurðinum og á næstu kílómetrum þar fyrir ofan. Ef vatnsborðið er 50 m y.s., eins og áður er sagt, er straumhraðinn við 260 kl/s rennsli innan við 20 cm/s. Ef vatnsborðinu er haldið óbreyttu, yrði straumhraðinn samfara ísalögnum til muna hægari, því að rennslið er þá venjulega nálægt 150 kl/s. Sökum þess hve straumhraðinn er hægur, kemur lagnaðarís, gráís, með þéttsettnum, smágerðum íshrönum á Hvítá nokkru ofan skurðarins og uppeftir, meðan verulegra bakvatnsáhrifa gætir frá Árhraunsstíflunni. Ísinn mun haldast, jafnvel þótt vatnshitinn hækki upp í  $0,2^{\circ}\text{C}$ , hann mun tærast óverulega. Með öðrum orðum, ef Hvítá verður hækkuð upp, þótt ekki verði nema um einn metra úti fyrir skurðinum, þá er það nægilegt til að breyta ísalögum hennar stórlega. Breytingin gengur í þá átt að gera ísinn stöðugan á þessu svæði. Ég reikna hér með, að botninn haldist óbreyttur. Þetta raskast aftur, ef þarna á sér stað aursöfnun, og þversnið farvegsins verður það sama og áður.

SKURÐUR HVÍTÁ-HESTVATN. Í upphafi frosta, áður en Hvítá leggur, flytur hún ísskrið inn í skurðinn. En sökum þess, að hann er dýpri en án ofan hans, hækkar ísbreiðustigið, þegar kemur inn í skurðinn, en það stendur í réttu hlutfalli við dýpið. Krapinn þéttist, diskáis myndast og höfuðisar vaxa út frá bökkum skurðarins, en aðalismagnið mun fljóta áfram inn til Hestvatns. Straumhraðinn er 6 sinnum meiri í skurðinum en ánni (sbr. hér að framan). Ísbreiðustigið stendur í öfugu hlutfalli við straumhraðann, svo að hinn aukni hraði vatnsins lækkar því ísbreiðustigið, ísskriðið slitnar sundur.

Þar eð aukið dýpi og aukinn vatnshraði í skurðinum hafa gagnverkandi áhrif á ísbreiðustigið, má segja, að hægt sé að halda því óbreyttu með því að hafa dýpi skurðar 6-falt á við dýpi árinnar. Þetta mun þó aðeins gilda fyrir vissar vatnsborðshæðir Hvítár og Hestvatns við eitt ákveðið rennsli. Ef ein stærðin breytist, t.d. vatnsborð Hestvatns, raskast hlutfallið. Af þessu má vera ljóst, að ísbreiðustigið er stöðugt að breytast á leiðinni Hvítá-Skurðurinn-Hestvatn. Áður en lengra er haldið, verður að athuga ísalög Hestvatns sökum þess, að íshellumyndunin skríður upp ána.

## HESTVATN

Rými Hestvatns að 49,5 m hæðarlínunni er 161 Gl. Algengt rennsli Hvítár við Árhraun samfara ísalögnum er 140-180 kl/s, það tekur því Hvítá 12 daga að skipta um allt vatn í Hestvatni. Ísalög þess munu gjörbreytast. Nú að óbreyttu ástandi leggur ekki ís á miðju vatnsins fyrr en nokkuð er liðið á veturnar, en ís kemur strax að haustinu á víkurnar að norðan og sunnan. Ef Hvítá fellur í gegnum Hestvatn, er það orðið gegnumrennslisvatn, og þá mun ís koma á miðju þess snemma vetrar, en straumvakir haldast í víkunum að norðan og sunnan. Þetta á við, ef ísalagnir eiga sér stað í kyrru veðri.

Rétt er nú að athuga hvernig ísalögnum yrði háttar í norðaustanátt. Byrjunarstaðan: áin og vatnið alautt, norðaustan froststormur og éljagangur. Árvatnið, og þar með vatnið í Hestvatni, kólnar niður að frostmarki, og síðan byrjar ísmyndun í vatnsskorpunni, en samtímis berst ísskrið um skurðinn inn í vatnið. Öldugangurinn kemur í veg fyrir, að ís geti lagzt á vatnið. Skrið berst því inn í Vatnsbotn að rafstöðvarskurðinum, og ef það fer inn í hann er voðinn vís. Þetta eru smájakar og krapi í virku ísmyndunarástandi. Gerð hefur verið áætlun um skurð inn í vatnið af þeirri stærð, sem lýst er hér að framan, og mun vera ætlazt til, að hann komi inn í vatnið sem trekt. Hvort ísbreiðustig skurðarins yrði í hlutfalli við ísbreiðustig vatnsins úti fyrir er ekki unnt að sjá, fyrr en öll mál liggja fyrir. Úti á vatninu er það aldán, sem kemur í veg fyrir, að lagíð, gráísmyndun, geti átt sér stað, en inni í skurðinum er það straumhraðinn. Þar er öldugangurinn úr sögunni, en straumhraðinn, sem er um 2 m á sekúndu, tekinn við, svo að þar getur engin íshellumyndun átt sér stað.

Allur ís, sem kemst inn í skurðinn, fer að inntakinu. Við inntakið hefur mér skilizt, að ætti að vera nokkuð stór þró, en það þýðir, að straumhraðinn minnkar, verður sáralitill, en af því leiðir aftur, að þar mun ísinn staðna og þjappast saman. Ekki mun vera ætlazt til þess, að ísinn fari í gegnum inntaksristarnar, nema þá að mjög óverulegu leyti. Sé nú á annað borð gert ráð fyrir, að ísskrið komist inn í skurðinn, getur það haldið áfram að berast þangað meðan NA-átt er á, eða þar til bakvatnsáhrif frá samanþjöppuðum krapa hindra rennslið inn í skurðinn. Þessi tilfelli eru mjög hættuleg. Ef ekkert er gert til varnar því, að ís berist inn í skurðinn, mun íssöfnun eiga sér stað í honum, þ.e.a.s. hann stíflast. Um tíðleika þessara truflana verður ekki sagt með nokkurri vissu. Í hlýjum, umhleypingasömum vetrum munu þær verða algengari. Það er vart ástæða til að segja "algengari",

því að þær munu ekki koma oft fyrir á hverjum vetrí. Öllu líklegra er, að þær komi fyrir einu sinni annan hvorn vetur, eða svo, en þær munu örugglega koma fyrir.

Þá mun önnur tegund ísmyndana einnig valda óþægindum við inntakið, en þar á ég við skeljaís, sem berst af vatninu inn í skurðinn í þann mund, sem vatnið er að leggja.

Í þriðja lagi mun vera nokkur hætta á, að jakar berist inn í skurðinn, þegar ís brotnar upp af vatninu í hláku.

Ráðin er bót á þessu, ef sett er inntak við vatnið, þannig að rennslið úr vatninu sé tekið inn í skurðinn á nokkru dýpi. Ístruflanir í skurðinum eru útilokaðar, ef enginn ís úr vatninu berst inn í hann. Kæling í honum sjálfum er mjög óveruleg, og snjór, sem kynni að berast í hann, er sömuleiðis óverulegur, samanborið við það magn af vatni, sem þarna er um að ræða.

Nú er rétt að taka upp þráðinn aftur, þar sem horfið var frá skurðinum Hvítá-Hestvatn. Ísskrið, sem berst inn í Hestvatn, rekst á ýmsar hindranir, enda er leiðin krókótt. Það mun rekast á ísspangir og sullgarða. Þau skilyrði munu oft koma fyrir, að það staðnæmist nyrzt í vatninu og orsaki bakvatnshækkun inn í skurðinn. Sveiflur á vatnsborði Hestvatns geta einnig gengið í sömu átt samtímis. Ísbreiðustigir í skurðinum vex og krapinn staðnæmist og íshellumyndun gengur upp skurðinn. En til þess að íshellumyndun komist alla leið að Hvítá, þarf bakvatnshækkun af völdum iss í Hestvatni og skurðinum að lækka straumhraðann niður fyrir  $1/2 \text{ m/s}$ , en þá er flutningsgeta skurðarins aðeins 30% af því, sem er við eðlilegar aðstæður. Vatnsborð Hvítár mun hækka hægt og hægt, en Hestvatn lækka, sjá lausn á vandamálínun í kaflanum Vatnsstreymi.

## 2.4 AURBURÐUR

Á öllu svæðinu frá Iðubrú niður að eyðibýlinu Árhrauni eru sandeyrar stöðugt að hlaðast upp eða grafast út. Þó er ekki hægt að líta á þetta sem eina deltu, því að Brúará klýfur hana í sundur. Vatn Hvítár fer fram af marbakka, þar sem það sameinast vatni Brúarár. Þegar meðalrennsli er í Hvítá, er vatnsdýpi um 30-40 cm í álunum á milli sandeyranna hið næsta ofan Brúarár. Sjá landabréfið, mynd 2-42.

Í kaflanum um jökulvötn var bent á, að þótt jökulgormur væri í Hvítá, væri hann aðeins lítill hluti af aurburði árinnar. Foksandurinn má sín meira. Á síðasta mannsaldri hafa blásið upp stór svæði inni á vatnsviði Hvítár.

Mynd 2-14 sýnir kornastærð í sandeyrunum norðan við Hestfjall. Mælingar á aurburði Hvítár, sem gerðar hafa verið við Árhraun, eru eigi nægilega víðtækar til þess að draga megi af þeim ályktanir um magn aursins, sem án flytur fram. Aftur á móti hefur verið leitazt við að mæla aurburðarmagnið við Gullfoss. Samtímis þessari skýrslu er gert ráð fyrir að leggja fram skýrslu um aurburð við Gullfoss. En í sambandi við notkun hennar fyrir Hvítá við Árhraun verður að hafa hugfast, að mikill aurburður kemur með Tungufljóti og Stóru-Laxá.

Á síðustu árum hafa verið hafnar tilraunir með græðingu landsins. Þær lofa góðu, og takist að hefta uppblásturinn og græða landið, mun aurburður Hvítár minnka mikið.

Pegar vatnsstaða er lág í Hvítá, grafast álar niður í sandeyrarnar undan Útverkatungu. Marbakkinn færist þá neðar, nær Móklapparnefi og sandeyrar myndast skammt ofan Árhrauns. Ef litið er á teikningu af þversniði V-1, mynd 2-22, sem er norðan Árhrauns, stendur á teikningunni "sandur á hreyfingu". Parna ultu sandkorn stöðugt með botni og féllu fram af marbakka, sem var á milli þversniða V-1 og V-2, og settust þar að. Þannig óx eyrin lengra og lengra niður eftir, en á sama tíma grófst úr sandeyrum ofar, eða undan Útverkatungu. Svo snýst þetta við, þegar vöxtur er í vatni. Í flóðum hreinsar straumþunginn sandinn úr farveginum undan Árhraunsnesinu, en í vatnsfyllunni, sem myndast upp með Skeiðum, fellur sandur út.

Aurburður Hvítár er tölувvert vandamál í sambandi við virkjun árinnar. Sjá nánar um það í kaflanum 2.6 - vatnsstreymi.

## 2.5 GRUNNVATN

Pegar vatnsstaða Hvítár er lág við Árhraun, sjást lindasytrur koma fram úr hrauninu nálægt vatnsfleti. Pegar staða Hvítár er mjög lág, koma einnig fram lindir Hestfjalls megin. Nálægt 47,7 m hæð y.s. koma töluberðar uppsprettur fram í vinstri bakka Hvítár, á bilinu 6-800 m sunnan við Árhraunsbæinn, þ.e.a.s. rétt hjá Fmv. 10. Þær eru yfir vatnsborði, þótt meðalvatnsstaða sé í Hvítá. Hiti þeirra

reyndist  $4,5^{\circ}\text{C}$  í ágúst 1960. Lindarnar gefa til kynna, að grunnvatnsborðinu halli þarna að ánni. Síðan í maí 1960 hafa farið fram reglubundnar grunnvatnsathuganir á Skeiðum, og sýna línum á mynd 2-12 niðurstöður, sem fengizt hafa. Þjórsá stendur venjulegast 40-70 cm hærra undan Skeiðháholti heldur en Hvítá við Útverk. Eftirtektarvert er, að grunnvatnsstaðan hjá Andrésfjósum, Ólafsvöllum, er lægri heldur en hjá Vorsabæ og Löngumýri, stöðum, sem liggja norðan og sunnan við Ólafsvelli. Mælingunum er haldið áfram, og er fram líða stundir, mun koma í ljós, hvert samband er á milli stöðu ánnar og grunnvatnsins.

## 2.51 Áveitu- og þurrkskurðir

Nátengd grunnvatnsrannsóknum er athugun á áveitu- og þurrkskurðum. Í því sambandi kemur margt til greina.

- 1) Hafa stöðu Hestvatns svo lága, að Hvítá náiðist þangað inn án þess að hækka vatnsborðið.
2. A. Hækka Hvítá ( sjá 2.31 ísaspá og 2.6 vatnsstreymi ). Gera þá varnargarð yfir Bauluós eða jafnvel mikinn hluta leiðarinnar Árhraun-Fjall. Kemur þá fram sá möguleiki, að láta garðinn ( jarðstífla ) hverfa undir vatn í stærstu flóðum. Haga þarf hæð hans svo, að vatn falli úr Hvítá við enda hans á breiðum svæðum og fylli geyminn austan hans. Garðurinn sekkur þá í stöðuvatn, þegar fyllan hækkar, án þess að honum sé hætta búin.
- B. Gera þurrkskurð niður í Áshildarmýri.
- C. Athuga hvort fært er að nota þurrkskurðinn sem aðrennsliskurð Flóááveitunnar.

## 2.6 VATNSSTREYMI ( HYDRAULIC )

Í köflunum 2.3 - ísalög og 2.4 - aurburður er bent á þær hættur, sem vatnsvirkjun við Hestvatn munu stafa af ís og aurburði.

Í ljósi þeirra staðreynda þarf að skoða hverja einstaka virkjunartilhögun, en hér skal aðeins drepið á nokkur almenn efni, sem áhræra vatnsstreymi væntanlegrar Hvítárvirkjunar við Hestfjall. Við sjálfa rafstöðina mun aurburður vart valda óþægindum, því að aur mun falla út í Hestvatni. Aftur á móti munu aurtungur vaxa við inntak skurðarins úr Hvítá. Þar sem skurðurinn endar inni í Hestvatni, kemur aur-delta. En aðalhættan er þar, sem áin og skurðurinn mætast. Þetta kemur í ljós, ef eftirfarandi er athugað. Þegar stíflað er við Árhraun,

segjum í hæðina 50 m y.s., og ætlazt er til, að allt vatn árinnar fari inn í skurðinn úr Hvítá til Hestvatns, þá er fullkomnið stöðuvatn fyrir neðan skurðinn, en hægur straumur í ánni í þversniðinu fyrir ofan skurðkjaftinn. Þar mun því útfelling eiga sér stað og hlaðast upp sandeyrar. Marbakkinn færist þá stöðugt nær skurðinum, en bakvatns-áhrif frá hækkuðum botni munu verka æ lengra upp ána. Þegar marbakkinn er kominn að skurðkjaftinum, þarf vatnsstaða við Árhraunstíflu að vera hærri en áður, til þess að sama rennsli fari um skurðinn við sömu vatnshæð í Hestvatni. Sandurinn berst þá inn í skurðinn, og virðast þá brír möguleikar vera til staðar.

1. Sandur fjarlægður með gröfum.
  2. Delta hleðst upp í Hestvatni.
  3. Sandur fellur út í sjálfum skurðinum.

Ég tel ástæðulaust að ræða um nr. 1, því að eðlilegri virðist útskoluð um Árhraunsstíflu en að reyna að halda skurðinum opnum með gröfum. Ef nr. 2 er athugað er ljóst, að deltan í Hestvatni leiðir af sér bakvatnshækkun í skurðinum og þar með útfellingu aurs í honum. En ef Hestvatn er aftur á móti lækkað í tæka tíð og deltan skorin niður, þ.e.a.s. aur fluttur lengra inn í Hestvatn, þá mun bakvatnsáhrifa ekki gæta lengur frá henni. Er hér þá komið að kjarna málsins. Bæði aurinn og ísinn munu setja hindranir í veg rennslisins úr Hvítá inn í Hestvatn. Gildir þar einu, hvort áin fer í skurði, gerðum af mönnum, eða fer eftir sínum eigin farvegi, er hún lagar til. Farvegur úr Hvítá inn í Hestvatn er sömu lögmálum háður og aðrir hlutar farvegsins, allt frá Hvítárvatni, að undanskildum fossum, að bakvatnsáhrif, er stafa af ís eða aur, eru sífellðum breytingum háð, vaxa, minnka eða hverfa alveg um stundarsakir og koma svo fram á ný.

Ef dæmt er út frá því, hvernig Hvítá hagar sér annars staðar, þar sem aðstaða er áþekk, má settla, að summan af bakvatnshækjun á vega-lengdinni Stóri-Hólmi í Hestvatni að Útverkatungu verði oft og iðulega um 1 m, en geti farið upp í 3 m í einstaka tilfellum. Af þessu leiðir, að þau skilyrði þurfa að vera fyrir hendi, að 3 m hæðarmismunur megi koma fram milli vatnsborða Hestvatns og Hvítár við Útverkatungu.

T<sub>1</sub>, d<sub>1</sub>; :

### Hestvatn m y.s.

## Hvítá m y. s.

|    |    |
|----|----|
| 46 | 49 |
| 47 | 50 |
| 48 | 51 |
| 49 | 52 |

Hér er gengið út frá, að botn Hvítár á leiðinni Útverk - Hestvatn sé sandbotn og hún nái ekki að setja grunnstingul fastan á klappir, a.m.k. ekki þvert yfir farveginn. Þess vegna þarf að lækka sandsteinsklöppina austan við Bæjarvíkina í Vatnsnesi, ef sú leið verður valin.

Ef virkjað verður fyrir hæðarsveifluna 48-51 m y.s., er venjuleg hæð Hestvatns þar með nokkurn veginn ákveðin  $49,3 \pm 0,1$  m og staða Hvítár undan Útverkatungu  $49,7 \pm 0,1$  m. Við þessa tilhögun hefur virkjunin 7,5 Gl vatnsforða í Hestvatni, þ.e.a.s. 1/3 af dagvatni Hvítár. Sé gert ráð fyrir að gangi jafnhratt á miðlun Hestvatns og vatnssöfnunin eykst úti fyrir í Hvítá, þá er staða Hvítár við Útverk a.m.k. 50,7, þegar miðlun þrýtur í Hestvatni. Venjulegast mun þó vatnsstaðan í Hvítá vera orðin nokkru hærri, sökum þess að aur og ís, sem borizt hefur í Hvítárlónið ofan 49,7 m línumnar, rýrir rúmtakið. Vatnsborð Hestvatns mun því vera nálægt 3 m neðar en vatnsborð Hvítár í þann mund að miðlun þrýtur. Þessi fyrirbæri munu ekki koma oft fyrir, einu sinni eða tvisvar á vetri og aðra vetur aldrei, en þau munu örugglega koma fyrir. Hvítá þarf þetta svigrúm. Það er fráleitt að reyna að halda hæðarmun stöðugum ( óbreyttum ) milli tveggja staða á langsniði Hvítár, þegar ísalagnir eiga sér stað, nema þá að farvegurinn á milli staðanna sé sem stöðuvatn. Virkjunin þarf að eiga fullan umráðarétt yfir því landi, sem fer undir vatn í sambandi við ísalagnir.

## 2.61 Farvegur hjá Árhrauni

Farvegurinn hjá Árhrauni hefur ekki nægilega flutningsgetu til þess að skila stórfloðum Hvítár greiðlega fram, sjá mynd 2-11. Í kaflanum 2.21 - flóð, er sagt frá hinu samfellda stöðuvatni, sem nær frá Skeiðum og inn í Hestvatn. Hæð vatnsfyllunnar er í fyrsta lagi háð að rennslinu og í öðru lagi, hve lengi flóðið varir, því að miðlun er mikil, eða 80 Gl frá venjulegri vatnsstöðu að vatnsborðshæðinni 52,8 m y.s. Þessi geymir fyllist á einum sólarhring í stærstu flóðunum.

Í flóðinu 6.-8.febr. 1960 náði Hvítá hámarki við Gullfoss kl. 24 hinn 7. febr., Q~ 2000 kl/s. Hjá Útverkum náði flóðið hámarki 18 klst. síðar ( kl. 18 hinn 7.). Rennslið hjá Árhrauni var þá einnig um 2000 kl/s eða engu hærra en við Gullfoss, er það var mest þar. Vatnsfyllan á Skeiðum var þá orðin 55 Gl. Það svarar til, að 460 kl/s að meðaltali hafi safnæzt í þessa einu vatnsfyllu á þeim 33 klst., sem

hún var að myndast. Hjá Selfossi náði áin hámarki 10 klst. síðar en hjá Útverkum. Hámarksrennsli hjá Selfossi var um 2200 kl/s.

Svæðið undan Árhrauni héfur verið mælt allnákvæmlega og fylgja hér með myndir af 18 þversniðum, myndir 2-22/39. Bakvatnslinur hafa verið reiknaðar og dregnar upp fyrir nokkur mismunandi rennsli, sbr. myndir 2-16/21. Rétt er að athuga bakvatnslinurnar ásamt landabréfinu af farvegi Hvítár, mynd 2-42. A landabréfinu eru sýnd þau svæði, sem bakvatnslinurnar gilda fyrir. Bakvatnslinurnar sýna, að við lágt rennsli er "kontrol" ( aðhaldssnið ) í Hvítá 100 m norðan Árhraunsbæjar. Þessu er á annan veg farið, þegar hátt vatn er í ánni, þá heldur kaflinn við beygjuna sunnan Árhrauns mest að ánni. Þá er kontrolið við þversniðin 15 til 17, sjá landabréfið.

Þegar vatnsfyllan nær hæðinni 52,1 m y.s., tekur vatn að renna frá Ólafsvöllum og suður í Áshildarmýri, eins og áður er sagt.

Skv. bakvatnslinum á mynd 2-21 þarf vatnshæðin að vera röskir 53 m y.s. ef 3160 kl/s eiga að komast um farveginn hjá Árhrauni. En við slíka vatnshæð falla vatnsmiklar kvíslar suður um hraunin austan Árhrauns.

Flutningsgeta farvegsins hjá Árhrauni ræður miklu um staðsetningu stíflu. Þótt bakvatnslinur gefi vísbindingu, eru þær samt ekki einhlítar og aðeins með modelltilraunum hægt að finna þann stað, sem er heppilegastur.

Staðsetning stíflu hjá Árhrauni mun hafa áhrif á grunnvatnsstöðu á Skeiðum, a.m.k. hið næsta ánni. Það skiptir verulegu máli, hve stórt hraunsvæði lendir innan lónsins.

## 2.7 NIÐURSTÖÐUR

Stuttur útdráttur er á þessa leið.

VATNASVIÐ : Vatnsvið 4360 km<sup>2</sup>

Jöklar : 16% af vatnsviðinu

Lindár og dragár : Hvorar sín 46% af vatnsviðinu

Stöðuvötn : Alls 57 km<sup>2</sup> eða 1,3% af vatnsviðinu

RENNSLI : Meðalrennsli 270 kl/s ( 10 ár )

Flóð : Í 30-ára flóðum : Vatnsstaða vatnsfyllunnar Skeiðum 53 m y.s. Árhrauni 52,5-52,7 m y.s. Kiðjabergi 36,0 - 36,5 m y.s. Rennsli 2500-3000 kl/s

Lágrennsli :  $Q_{95} = 150 \text{ kl/s}$

Purrðir : Ís hindrar rennslið, vatn binzt í farveginum.

ÍSALÖG : Áin löngum með straum- og lindavakir, ísstaða breytileg

Ísaspá : Forsendur tveir skurðir, sjá nánar 2.31:  
Hvitá, Útverk - Hestvatn. 3 m hæðarmunur þarf að vera mögulegur, án þess að orsaka rekstrartruflanir. Há vatnsst. Skeiðum gefur lagnaðarís, annars hrannarís.  
Skurður Hestvatn - rafstöð : Stíflast af ísi ef hann opnast sem trekt inn í vatnið. Taka þarf vatnið inn á nokkru dýpi. Rafhitun á inntaksristum rafst. Miðja Hestvatns frýs fyrr en áður.

AURBURÐUR : Íða - Árhraun tvær aurdeltur, Brúará klýfur þær sundur. M.a. vegna aurburðarins virðist eðli-legast að láta Hvítá halda við og laga að vild sinni farveginn Hvítá - Hestvatn. Skera niður (drawdown) deltu, sem myndast í Hestvatni, sömuleiðis útfellingu ofan Hestvatnsinntaks að Brúará "drawdown"um Árhraunsstíflu.

GRUNNVATN : Grunnvatnsathuganir fara fram á Skeiðum.

VATNSSTREYMI : A.m.k. 3 m hæðarmunur þarf að vera mögulegur Hvítá - Hestvatn án þess að orsaka rekstrartruflanir, Hvítá 1,3 m upp og Hestvatn 1,3 m niður frá venjul. stöðu, sjá ísaspána

Farvegur, Árhraun : Bakvatnslínur gefa vísbindingu um kontrol.

Modeltilraunir þó nauðsynlegar til að finna

ákjósanlegasta stíflustæðið, því að ekki má rýra

flutningsgetu farvegsins, vegna stærstu flóðanna.

Reykjavík, 17. janúar 1961.

*Sigurjón Þist*

VIÐBÆTIR 20. febrúar 1961

## 2.8 AURBURÐAR- OG ÍSASPÁ

Kaflinn 2.31 er um ísaspá á viðum grundvelli. Kaflarnir 2.4 og 2.6 fjalla einnig um ís- og aurburðarvandamálið.

Hér verður gerð aurburðar- og ísaspá fyrir eina ákveðna virkjunartilhögun. Virkjunartilhögunin er fullmótuð í veigamiklum atriðum. Verkfraeðingur Sigurður Thoroddsen vinnur að henni þessa dagana. Hann mun birta hana í heild í þessu ritsafni "Virkjun Hvítár við Hestfjall", í hluta númer 5. Þau gögn, sem ég hef í höndum, eru þrjár teikningar frá Sigurði og að auki upplýsingar um nokkrar forsendur virkjunartilhögunarinnar. Teikningarnar hafa ekki hlotið skrásetningar-númer ennþá. Þær eru :

- 1) Veituskurður Hvítá-Hestvatn, dags. 16. jan. 1961
- 2) Að- og frárennslißkurður, " 28. " "
- 3) Yfirlitsmynd að mannv., stöðvarhús ( ódagsett ).

Veigamikil grundvallaratriði, sem vikið verður að síðar, eru :

- A) Normal vatnsborð Hvítár úti fyrir veituskurði skal vera 49,5 m y.s.
- B) Draga skal niður í Hestvatni um 1,3 metra, þegar með þarf ( normal staða Hestv. 49,4 m y.s. ).

BAKVATNSÁHRIF

Ég geng hér að verkefninu eins og mannvirkin væru komin hvert á sinn stað.

- 1) Bakvatn Árhraunsstíflu. Bakvatnshækkun Árhraunsstíflu, við normala vatnsstöðu, 49,5 m y.s., og venjulegt rennsli, verður greinileg allt upp á móts við Fjall, H-20, sjá myndir 2-11 og 2-42, en á vatnshæðarmælum verður hún merkjanleg lengra upp eftir, t.d. í neðsta hluta Brúarár. Hvítá verður þarna einna líkust stöðuvatni, eða öllu heldur áþeppi tveimur stöðuvötnum, sem hafa samband um 500 m breiða rás við grjótgarðsendann ( sjá teikn. veitusk. Sig. Th. ).

Bakvatnshækkun Árhraunsstíflu gefur efri hlutanum, það er ofan grjótgarðs, 0,6 Gl aukið vatnsrými. Þegar þetta rými hefur fyllzt af aur, má fastlega ætla, að aurskrið niður farveginn á þessum kafla verði líkt að magni og áður var. Hvað það tekur Hvítá langan tíma að fylla þessa 0,6 Gl er erfitt að segja um.

Aurburðarmælingar við Gullfoss gefa nokkra vísbindingu. Samkvæmt massaútreikningi, sbr. meðf. teikningu 2-43, sem byggt er á 43 sýnishornum, fara árlega um Gullfoss 0,38 Gl af aur, upphrærðum í vatninu. Áætla má 30% aukningu vegna aurburðar Tungufljóts, Stóru-Laxár og annarra vatna. Hjá Árhrauni fara þá a.m.k. 0,5 Gl á ári. Má því búast við, að Hvítá fylli þetta rými á hinu fyrsta ári.

- 2) Bakvatn grjótgarðs. Frá uppgreftri veituskurðar að grjótgarði eru 500 m og þversniðið 200 m<sup>2</sup>. Ef 270 kl/s færur þvert í gegnum þetta snið, væri straumhraðinn 1,3 m/s. En nú verður straumhraðinn hærri, því að áin fellur skáhallt á þetta snið; bæði grjótgarðurinn og veituskurðurinn beina honum til hægri. Af þessu er ljóst, að þótt garðurinn kæmi, eftir að bakvatnshækkun Árhraunsstíflu er komin á, orsakar hann frekari bakvatnshækkun við venjulegt rennsli og normalt vatnsborð. Bakvatnshækkun garðsins mun orsaka útgröft í 500 m rásinni, og mun þá vatnstaðan hið efra lækka á ný. Ef Árhraunsstíflu og veituskurðar nytji ekki við, má ætla, að endanleg bakvatnshækkun garðsins yrði um 15 cm við normal aðstæður.

Rétt er að athuga, hvernig útgröfturinn fer fram við garðsendann, og hve langt aurinn berst. Þegar straumur er hægur í átt að Árhraunsstíflu, hleðst upp delta sunnan 500 m rásarinnar.

Sandtungur teygja sig út úr aðaldeltunni í átt að Hestfjalli. Deltan er brött að framan. Til norðurs fer dýpið vaxandi og nær hámarki við garðshausinn, sennil. 2-5 m, mælt frá normal vatnsborði, breytilegt. Þegar vöxtur er í ánni, t.d. 660 kl/s, verður bakvatnshækkun af völdum garðsins meiri en við normal aðstæður, og þá hefur áin mótt til að grafa rásina. 260 kl/s fara til Hestvatns en 400 fram að Árhraunsstíflu. Ef Árhraunsstíflan er fullopnuð, þ.e.a.s. vatnsborðið neðan garðsins lækkað, skapast hin beztu skilyrði til að koma aurnum áfram. En nú er rétt að athuga mynd 2-11 og sjá aðstöðuna. Garðurinn er við "5 km" á láréttu ásnum, og er þá auðséð, að slík aðgerð getur ekki lækkað

vatnsborðið niður fyrir 49,3 m y.s., eða aðeins 20 cm undir normalstöðu. Deltan sunnan garðsins tærist því mjög lítið eða ekki neitt, háð hæð hennar.

Áður en ljóst er, hvort fullnægjandi útskoluun getur átt sér stað um Árhraunsstíflu, þarf að athuga, hvernig þessu er varið, bæði þegar Hvítá er lítil og einnig í stórfloðum.

Ef Árhraunsstíflan er fullopin, þegar lítið vatn er í Hvítá, skerst deltan niður að framan, því að þrengslin hjá Árhrauni halda þá uppi lágri bakvatnshæð. Útskoluun gengur samt hægt, því að flutningsgeta vatnsins er lítil. Við slíkar aðstæður minnkar flutningsgeta skurðarins fljótt, og stöðin fær ófullnægjandi vatn.

Þegar útlit er fyrir stórfloð, verður strax fullopnað við Árhraun. Úr trektaropinu ofan Árhrauns á sér stað útskoluun. Þrengslin hjá Árhrauni orsaka bakvatnshækkun og útfellingu á Bauluós-Útverkasvæðinu, en útgröftur á sér stað hið efra, þ.e.a.s. áður en bakvatnsáhrif vatnsfyllunnar ná lengra uppeftir, sjá mynd 2-11.

Af þessu má vera ljóst: Virkjunartilhögun, sem hvílir á þeiri forsendu, að normal vatnsborð sé 49,5 m y.s. í Hvítá úti fyrir veituskurði, eins og hér er gert, felur EKKI í sér möguleika á fljótvirkri ÚTSKOLUN um Árhraunsstíflu. Marbakki deltunnar, og þar með öll deltan, þarf að vera til muna hærri en hún getur orðið við normalvatnsborð 49,5 m y.s., til þess að svonefnd "útskoluun" geti átt sér stað.

- 3) Bakvatn rafstöðvar. Mannvirki rafstöðvarinnar geta ekki orsakað bakvatnshækkun í Hestvatni upp fyrir náttúrulega stöðu, því að sunnan Hestvatns er þróskuldur, sem aldrei rennur yfir. Áhrifin á bakvatn ganga því aðeins til lækkunar. Skal nú þetta athugað nánar.

